



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 27. ágúst 2013

Sáttargerð vegna brots á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Þann 10. júlí 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og Marel hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Marel hf., sem útgefandi skráðra hlutabréfa, við því að hafa brotið gegn 127. gr. vvl., með því að hafa ekki tilkynnt samdægurs um víðskipti með eigin bréf félagsins.

Í 127. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda til að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um víðskipti stjórnanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði víðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

Með vísan til framangreinds, atvika málsins að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 500.000 krónur.